

Viðbótarminnisblað

Snúningshaus við Erluás 31 – mál nr. 1505207

Viðbótarminnisblað um snúningshaus við Erluás 31, þar sem ekki var rétt með farið í minnisblaði frá 2. nóvember s.l. um afgreiðslu umhverfis- og framkvæmdaráðs á fundi ráðsins þann 7. október 2015:

Í fundargerð ráðsins er eftirfarandi bókun:

„Umhverfis- og framkvæmdaráð beinir því til bæjarráðs að endurskoða lögreglusamþykkt Hafnarfjarðar, 20 gr. þeirra sem lítur að bifreiðastöðum í snúningshausum, með hliðsjón af fyrirliggjandi lögfræðialiti.“

Í lögfræðialiti segir um tillögu að breytingu á 20. gr. lögreglusamþykktar Hafnarfjarðarkaupstaðar:

„2) breyta ákvæði 20. gr. lögreglusamþykktarinnar þannig að tekið sé fram að óheimilt sé að leggja ökutæki utan skipulagðra bílastæða, eða á annan hátt vísa til svæða þar sem almennt er óheimilt að leggja ökutækjum, svo sem í botnlöngum“

Umhverfis- og framkvæmdaráð hefur lagt til að 20. gr. lögreglusamþykktar verði breytt til samræmis við tillögu lögmanns.

3. mgr. 20. gr. gæti þá orðið svo hljóðandi: **„Bannað er að leggja ökutæki á gangstéttum, snúningshausum í botngötum, opnum svæðum, óbyggðum lóðum og stígum.“**

Talið er að bann „um að leggja ökutæki utan skipulagðra bílastæða“ sé of viðtækt og muni ekki þjóna tilgangi sínum.

Að öðru leyti er vísað til minnisblaðs undirritaðrar frá 2. nóvember s.l. og lögfræðialits Andra Árnasonar hrl. hjá Juris lögmannsstofu frá 21. september s.l. og

Hafnarfirði, 4. nóvember 2015

Sigríður Kristinsdóttir hrl.

bæjarlögmaður